



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á ráðstefnu um konur og siglingar
á alþjóða siglingadeginum**

**Reykjavík
26. september 2019**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,
fyrirlesarar,
góðir gestir

Ég fagna því tækifæri að ávarpa þessa ráðstefnu um konur og siglingar sem haldin er á alþjóða siglingadaginn. Vel er til fundið að huga að þessum þætti í sögu sjósóknar á Íslandi og um víða veröld. Enn er það svo að fáar konur eru til sjós, og gildir þá einu hvort horft er til fiskveiða, farmennsku eða gæslustarfa. Ætli hlutfallið sé ekki hæst á farþegaskipum og helgast þá af þeim þjónustustörfum sem þar þarf að sinna.

Við Íslendingar getum vissulega sagt frá fræknum konum sem sóttu sjóinn, það fast að þær eignuðust sess í þjóðarsögunni. Þessar frásagnir ná allt til landnáms; hingað til lands kom Þuríður frá Hálogalandi í Norður-Noregi, kölluð sundafyllir því að hún efldi seið þar í hallæri svo að hvert sund varð fullt af síld. Síðan nam hún land í Bolungarvík og mun hafa helgað sér Kvíarmið í Ísafjarðardjúpi þannig að útvegsbændur þurftu að gjalda henni eina á fyrir að róa á þau. Þeim mátti þó vera huggun harmi gegn að hin fjölkunnuga Þuríður lagði á þann galdur að á Kvíarmiðum myndi aldrei þrjóta fisk.

Svona sögum má endilega halda til haga, og aðra Þuríði eigum við í okkar menningararfi, magnaða sjókonu úr átjándu öld. Þuríður Einarsdóttir, fædd árið 1777 í Stokkseyrarhreppi, hélt til róðra ellefu ára

gömul, þótti afar fiskin og varð að lokum formaður. Þuríður formaður – þannig er hún jú þekkt í Þjóðarsögunni – var mikill kvenskörungur, fékk til dæmis verðlaun úr konungssjóði fyrir jarðabætur og dugnað í sjósókn sinni. Eins mætti nefna Halldóru Ólafsdóttur, breiðfirska sjókonu á nítjándu öld sem átti það til að manna bát sinn með konum einum saman.

Auðvitað var það samt svo að þessar konur og aðrar voru sjaldgæfar í þeim karlaheimi sem fiskveiðar voru – og eru. Þáttur þeirra verður ekki minna merkur fyrir það, jafnvel merkari ef eitthvað er.

Fróðleik um sjósókn kvenna fyrr á tíð má víða finna, meðal annars í skrifum Önnu Sigurðardóttur og sagnfræðinganna Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur og Þórunnar Magnúsdóttur, að ekki sé minnst á verk Margaret Willson, *Seawomen of Iceland*. Um miðja síðustu öld tók Brynjúlfur Jónsson líka saman *Söguna af Þuríði formanni* sem margir lásu, en vissulega jók það á áhuga fólks að fræðast um þessa svipmiklu konu að hún kom að rannsókn hins voðalega Kambsráns. Atbeini Þuríðar mun einmitt hafa ráðið því að hún fékk sérstakt leyfi sýslumanns til að klæðast karlmannsfötum í sjómenskunni.

Í nýlegum BA-ritgerðum Helgu Katrínar Tryggvadóttur og Halldóru Jónsdóttur er einnig farið yfir sjómenskun kvenna að fornu og nýju. Skemmtilegur er inngangur Halldóru þar sem hún lýsir eigin reynslu af lífinu á sjó, fimm sumrum á frystitogara og tveimur árum í viðbót eftir það, og voru allt að sex stúlkur um borð í einu. „Ég man eftir ungum strákum,“ sagði Halldóra, „sem áttu ekki roð í líkamlega burði okkar stelpnanna þegar þeir komu sinn fyrsta túr en þeir fengu tækifæri og tíma til að vinna upp þrek og standa sig.“

Góðir áheyrndur: Ég leyfi mér að nefna í þessu samhengi að eitt sumar á unglingsárum vann ég á fraktskipi. Þar var kona í áhöfn, auðvitað hörkudugleg, og enn man ég að hún lánaði mér vettlingana sína þegar við vorum að vinna eitthvert verk saman svo að maður gæti haldið í við hana, krókloppinn og alls óreyndur.

Það viðurkennist fúslega að fyrir utan þessa smásögu get ég lítið lagt af mörkum til þessarar ágætu ráðstefnu úr eigin reynsluheimi. Og þó! Úr rannsóknnum mínum á landhelgismálum og þorskastríðum má finna þætti sem gætu þótt fróðlegir í þessum sal. Konur koma reyndar lítt við sögu, sem fyrr þegar sjómenskun er annars vegar. Í landhelgisdeilum okkar var kona aldrei í fyrirrúmi af Íslands hálfu en eitt sinn tefldu Bretar fram konu í samningaviðræðum. Það var í 50 mílna átökunum á fyrri hluta áttunda áratugar síðustu aldar að Tweedsmuir barónessa fór fyrir liði breskra embættismanna sem reyndi að ná samkomulagi um frekari veiðar á Íslandsmiðum. Hún hafði ekki erindi sem erfiði og vera má –

þótt það útskýri alls ekki að svo fór sem fór – að körlunum hér heima hafi þótt skrytið að sitja andspænis konu að ræða um fiskveiðar og landhelgismál.

Svo má segja að önnur kona hafi komið óbeint við sögu ytra. Ég hef heyrt því fleygt í Bretlandi að hefði Margaret Thatcher verið í forystu þar þegar síðustu þorskastríðin voru háð hefði rás viðburða orðið önnur – járnfrúin hefði ekki gefið eins mikið eftir og þeir sem þá bjuggu í Downingstræti.

Konur komu lítt við sögu, satt er það, en fer þó eftir því hvernig á málið er litið. Þegar tekist var á um fiskveiðar á hafi úti beið sjómannskonan heima. Fyrir kom að eiginkonur, mæður og unnustur bresku togarasjómannanna létu í sér heyra og kröfðust þess að valdhafarnir í London stæðu betur vörð um hagsmuni þeirra.

Að baki flestra varðskipsmanna hér heima stóðu einnig eiginkonur í landi. Þorskastríðin höfðu vitaskuld áhrif á þær. Þegar einna mest gekk á í 200 mílna deilunum snemmsumars 1976 hafði ein þeirra samband við yfirmenn Landhelgisgæslunnar og fór fram á að aðstandendur í landi fengju betri upplýsingar um gang mála á miðunum þegar svo hart væri barist: „Álagið á heimilið er svo mikið að það er erfitt að standa uppréttur með það,“ sagði konan og það voru víst engar ýkjur.

Um þetta má lesa í einni BA-ritgerðinni enn, sagnfræðiritgerð Sögu Ólafsdóttur um reynsluheim eiginkvenna íslenskra varðskipsmanna í þorskastríðunum. Það er því að mörgu að hyggja en þegar við horfum fram á veg varðar mestu að við eyðum óþarfa fordómum og fjarlægjum glerþakið sem enn má finna á dekkinu, í vélarrúmi og á stjórnþalli. Þessi ráðstefna er liður í þeirri vinnu.